

Mánudaginn 26. október 1998.

Nr. 421/1998.

**Rúna Soffía Geirsdóttir**

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

Kærumál. Frestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1998, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að máli sóknaraðila á hendur honum til heimtu bóta vegna líkamstjóns yrði frestað, þar til fyrir lægi mat, sem varnaraðili hefur leitað eftir hjá örorkunefnd. Kæruheimild er í h-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að kröfur hennar „verði þegar teknar til efnismeðferðar“. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Skilja verður kröfugerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti svo, að hún krefjist þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um fyrrgreindan frest.

Sóknaraðili höfðaði málið með stefnu 5. mars 1998 til heimtu bóta vegna meiðsla, sem hún kveðst hafa hlotið við árekstur bifreiða 24. janúar 1997. Sóknaraðili krefst bóta vegna tímabundins atvinnutjóns, þjáningabóta, miskabóta, bóta vegna varanlegrar örorku og vegna annars fjártjóns, samtals að fjárhæð 3.734.276 krónur. Læknisfræðileg atriði að baki kröfum þessum eru reist á fram lagðri álitserð, sem sóknaraðili aflaði hjá sérfræðingi í bæklunar-skurðlækningum. Með bréfi 28. mars 1998 leitaði varnaraðili eftir mati örorkunefndar, sem starfar samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, á varanlegri örorku sóknaraðila af völdum slyssins og miskastigi hennar. Á dómþingi 28. september 1998 krafðist varnaraðili þess, að málinu yrði frestað, þar til umbeðið mat örorkunefnd-

ar lægi fyrir, þ. e. um ótiltekinn tíma. Því andmælti sóknaraðili, og tók héraðsdómari afstöðu til þessa ágreiningsefnis með hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga getur hvor heldur, tjónþoli eða sá, sem ber ábyrgð á tjóni, krafist þess á sitt eindæmi, að örorkunefnd láti í té álit um ákvörðun miskastigs og örorkustigs. Þessum rétti eru ekki settar skorður með ákvæðinu, þótt álits um miskastig eða örorkustig hafi þegar verið aflað með öðrum hætti eða mál höfðað um kröfu tjónþola. Fallast verður á það með varnaraðila, að álit örorkunefndar geti haft það gildi við úrlausn málsins, að rétt sé að veita honum frest til að afla þess, enda séu horfur á, að það takist innan hæfilegs tíma. Þörf varnaraðila á þessu áliti getur hins vegar ekki réttlætt, að málinu verði frestað í þessu skyni um ótiltekinn tíma, svo sem héraðsdómari gerði. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka að nýju ákvörðun um frestun málsins.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1998.

Af hálfu stefnda hefur verið óskað eftir því, að málinu verði frestað, þar til mat örorkunefndar liggir fyrir, en stefnandi hefur mótmælt því, að frestur verði veittur, og krefst þess, að málið verði tekið til efnismeðferðar.

Með vísan til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 50/1993 getur tjónþoli eða sá, sem ábyrgð ber á tjóni, hvor um sig, óskað álits um ákvörðun miskastigs og örorkustigs hjá örorkunefnd.

Með hliðsjón af þessu ber að fresta málinu ótiltekið, þar til mat örorkunefndar liggur fyrir.

Hjörtur O. Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er frestað ótiltekið, þar til mat örorkunefndar liggur fyrir.